# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

### 47. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
### KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022 13.5.2022

**Árið 2022, föstudaginn 13. maí 2022 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í Álftaveri – Grundarstræti 1.**

**Mættir voru á fundinn:**
**Samúel Kristjánsson oddviti, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa Hólm G. Borgarsdóttir og Guðmundur Birgir Ragnarsson.**
**Ragnheiður Baldursdóttir sótti fund um fjarfundarbúnað.**

**Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.**
**Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn að gættri fundarboðun.**
**Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.**

**Dagskrá og afgreiðsla erinda:**

1. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2021 – seinni umræða.
   Margrét Högnadóttir og Jón Þorgeir Einarsson koma inn á fundinn.
   Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2021 samþykktur án athugasemda.
2. Fundargerð 27. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar frá 6.4.2022 (liðir 2 og 4).
   Jóhann Birkir Helgason kom inn á fundinn til að fara yfir breytingar á deiliskipulagi sem varðar svæðið fyrir ofan Eyrardal, við enda Holtagötu. Farið yfir kosti og galla þess að reisa smáhýsi á reitnum.
   Sveitarstjórn samþykkir lið 2 og 4 í fundargerð 27. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar frá 6.4.2022 og er þar með fundargerðin í heild samþykkt.
   Jóhann Birkir Helgason víkur af fundi.
3. Önnur mál löglega upp borin með leyfi fundar.
   a. Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnum, ráðum og nefndum Súðavíkurhrepps lögð fyrir og samþykkt með vísan til umræðna í sveitarstjórn um kjör sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna. Samþykktin er með vísan í samþykkt Reykhólahrepps um sama efni. Vakin er athygli á því að áformað er að setja viðmið um kaup og kjör sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
   b. Sveitarstjóri þakkar fráfarandi sveitarstjórn samstarfið á kjörtímabilinu og þeim nefndarmönnum sem setið hafa nefndarfundi á kjörtímabilinu.
   c. Sveitarstjórn þakkar sveitarstjóra gott samstarf á kjörtímabilinu.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 10:33

**Guðmundur Birgir Ragnarsson** — Guðm. B. Ragnarsson

**Ragnheiður Baldursdóttir**

**Karl Guðmundur Kjartansson** — Karl G Kjartansson

**Elsa G. Hólm Borgarsdóttir** — Elsa G Hólm Borg

**Samúel Kristjánsson**
**oddviti**

Samúel Kristjánsson